



Fjármálaráðuneytið
Þórhallur Arason
Arnarhvoli
150 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 17. september 2009
Tilv.: FJR09100053/032

Efni: Erindisbréf stýrihóps um útfærslu aðhalds- og sparnaðaraðgerða haustið 2009

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er boðað víðtækt sparnaðaráttak í öllu ríkiskerfinu og að sett verði á fót sparnaðarteymi sem vinni með ráðuneytum og ríkisstofnunum að hagræðingaraðgerðum. Með hliðsjón af þessu hefur ríkisstjórnin samþykkt að mynda stýrihóp um útfærslu aðhalds- og sparnaðaraðgerða. Í stýrihópnum eiga sæti fjórir fulltrúar frá fjármálaráðuneyti auk tveggja fulltrúa sem tilnefndir eru af stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Markmið þeirra aðhalds- og sparnaðaraðgerða sem ráðuneyti og stofnanir þurfa að ráðast í er að treysta þá fjárhagsramma, sem ákveðnir eru í fjárlögum. Hlutverk hópsins er að halda utan þessa vinnu og aðstoða stofnanir og ráðuneyti við útfærslu hennar.

Verkefni stýrihópsins eru:

- Stefnumörkun varðandi útfærslu þeirra leiða sem mögulegar eru til hagræðingar í rekstri.
- Taka saman og miðla leiðbeiningum um helstu úrræði sem hægt er að grípa til.
- Skipuleggja með hvaða hætti samráð og samvinna milli forstöðumanna stofnana innbyrðis og milli ráðuneyta eigi sér stað.
- Vera bakhjarl sérstaks sparnaðaráttaks í ríkisrekstri.
- Vera ráðgefandi varðandi launa- og starfsmannaákvæðanir sem stofnanir og ráðuneyti þurfa að taka.
- Hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir sem verið er að vinna ásamt því að upplýsa ráðuneyti og ríkisstjórn um stöðu mála.

Fyrirkomulag vinnunnar verður þannig að auk tilnefndra fulltrúa mun fjármálaráðuneytið leggja stýrihópnum til starfsmenn sem munu sjá að mestu um daglega framkvæmd. Jafnframt er gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti komi sér upp aðgerðarteymi starfsmanna sem fást við fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga auk fulltrúa forstöðumanna þeirra stofnana sem undir viðkomandi ráðuneyti heyra. Þetta teymi ber ábyrgð á því að fylgja eftir þeim

hagræðingaraðgerðum sem nauðsynlegt verður að ráðast í innan hvers ráðuneytis, fylgjast með framgangi þeirra með reglulegum hætti og upplýsa stýrihópinn um stöðuna. Einn af starfsmönnum viðkomandi ráðuneytis í aðgerðarteyminu verður svo tengiliður þess við stýrihóp fjármálaráðuneytisins. Auk þess mun hópurinn hafi víðtækt samráð við rekstrarstjóra ráðuneytanna.

Vinna stýrihópsins hefst nú þegar og er gert ráð fyrir að mestur þungi vinnunnar verði á næstu 2-3 mánuðum þegar stofnanir og ráðuneyti eru að vinna sínar rekstraráætlanir fyrir árið 2010.

Þér eruð hér með skipaður formaður hópsins, en auk yðar eru í hópnum frá fjármálaráðuneytinu Gunnar Björnsson, Ingbór Karl Eiríksson og Eyþór Benediktsson. Fulltrúar Félags forstöðumanna ríkisstofnana eru Lárus H. Bjarnason, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu.

Engin þóknun er greidd fyrir starf í stýrihópnum.

Fyrir hönd ráðherra

Steingrímur J. Sigfússon

Guðmundur Árnason